

### **3. Færni aðstoðarfólks - fjölbreyttar tjáskiptaleiðir**

#### **3.b Að eiga innihaldsríkar samræður**

Í þessum kafla er einnig rætt um færni sem aðstoðarfólk þarf að hafa til þess að geta tekið hlutverk milliliðsins og stuðningsaðilans, færni sem tengist því að fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning notar oft fjölbreyttar tjáskiptaleiðir.

Í rannsókninni kom fram að mikilvægur hluti af námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning er að geta átt innihaldsríkar samræður um námið þegar heim er komið. Aðstoðarfólk þarf því að búa yfir færni í því að eiga slíkar samræður við notanda sem getur illa nýtt sér talmál til samskipta. Oft hættir okkur til að tala „yfir“ notanda eða „um“ hann ef hann notar ekki talmál en í samræðum eru notandi og aðstoðarmanneskjan jafningjar og aðstoðarmanneskjan passar að notandi sé ávallt með í samtalinu, er vakandi fyrir tjáningu hans og gerir honum kleift að svara eða tjá sig á þann hátt sem hentar honum.

Það getur reynt á að finna umræðuefni í slíkar samræður en í rannsókninni kom fram að það að rifja upp sameiginlega upplifun, t.d. úr náminu, tengja þessa upplifun við aðrar upplifanir í daglegu lífi og nota það sem fyrir augu ber, hjálpaði til við að gefa samræðunum meira innihald. Það er mikilvægt að æfa færnina í að eiga slíkar samræður. Á heimasíðu Fjölmenntar má finna [glærur frá fræðsluerindi um fjölbreyttar tjáskiptaleiðir](#) þar sem farið er nánar í leiðir til að eiga samtal.

**Verkefni:** Myndið þriggja manna hóp og farið í hlutverkaleik: Einn er ímyndaður notandi sem getur illa nýtt sér talmál til samskipta. Hinir tveir eru ímyndaðar aðstoðarmanneskjur. Ímyndið ykkur eftirfarandi aðstæður og reynið að halda uppi innihaldsríkum samræðum í 3 mínútur þar notandi er þátttakandi í samtalinu:

- Þið eruð ein heima og það er lítið um að vera.
- Þið eruð að bíða eftir að fara í kennslustund í Fjölmennt.
- Þið eruð úti í göngu- eða bíltúr.